




# Háteigur



13. árgangur 3. tbl.

27. mars 2009

## PÁSKALEYFI 6. – 14. APRÍL

<http://www.hateigsskoli.is>

### Frá skólastjóra

Ágætu lesendur

Þetta er sá tími ársins þegar vetur konungur virðist vera að sleppa af okkur hendinni en í hjarta okkar vitum við að hann dvelur stundum hjá okkur fram í maí. Sólin er komin hátt á loft og hún gefur von og fyrirheit um endurnærandi sumar. Bros sólarinnar er okkur öllum fagnaðarefni eftir langan og strangan vetur. Ég þarf ekki að tíunda atburði vetrarins enda bætast sífellt nýjar fréttir við um ástæður hruns bankakerfisins og hvernig góðærið virðist hafa verið tilbúningur einn með reikningskúnstum. Við Íslendingar þurfum að vinna úr afleiðingunum og gera það samhentir og af eins miklu æðruleysi og kostur. Jafnframt vonum við að allar bækur verði skoðaðar og að þeir horfist í augu við afleiðingar gerða sinna eða aðgerðarleysis sem þurfa þess. Fyrirgefning má hins vegar ekki vera langt undan því að þessi fámenna þjóð þarf á öllu sínu fólki að halda. Allir verða að eiga von, svona eins og þegar við vinnum úr ágreiningi meðal nemenda okkar þar sem enginn er útskúfaður vegna mistaka sinna heldur eru þau nýtt upphaf. Það eru sannindi að batnandi manni er best að lifa. Það hef ég margreynt sem skólastjóri og það hafa kennarar Háteigsskóla einnig gert. Við þekkjum óteljandi dæmi um námssigra og sigra í bættri hegðun þar sem nemendur snúa við blaðinu. Ég þekki einnig mörg dæmi á ferli mínu um bekkir sem fengu móðu á sjálfsmynd sína eða ryk á sjálfstraustið og kennari sneri þeirri tilfinningu til betri vegar, stundum án þess að vita hvernig. Umræðuefni þessa pistils er leið til að vekja máls á því að Reykjavíkurborg þarf vegna breyttra aðstæðna að finna leiðir til að spara og hagræða í rekstri sínum. Þar er skólakerfið auðvitað stór liður. Ákvörðun um fjárhagsáætlun Reykjavíkur var frestað til 30. mars og því eru öll kurl ekki komin til grafar. Í Háteigsskóla hefur þó nemendafækkun mest áhrif á skólastarfið. Nú stefnir í að nemendur verði um 360 veturinn 2009 til 2010 og það er mikil breyting frá árinu 2006 til 2007 þegar við vorum með rúmlega 400 nemendur. Þar sem nemendafjöldi skammtar skólanum fjármagn bæði til launagreiðslna og annarra þátta í rekstri, þá hefur þessi breyting mikil áhrif þegar hugsað er til þess að nánast sami starfsmannahópurinn er við störf. Við munum hins vegar kappkosta að varðveita okkar góða skóla og hlúa að nemendum og starfsfólki eins og kostur er. Ég kvíði ekki þeirri vinnu sem er framundan því að ég finn

fyrir mikilli samstöðu starfsfólks og miklum skilningi á stöðu skólans. Það er von mín að foreldrar átti sig á að breytingar gætu orðið á störfum skólans sem foreldrar þurfa að sýna skilning og standa með okkur í.

Með von um að hækkandi sól geri verk okkar léttbærari.

Með kveðju,

Ásgeir Beinteinsson, skólastjóri Háteigsskóla

### Fréttir af íþróttafólki skólans

Nemendur Háteigsskóla hafa skarað fram úr í íþróttum undanfarið eins og eftirfarandi fréttir bera með sér:

#### Skólahreysti

Háteigsskóli vann sinn riðil og keppir því til úrslita í Laugardalshöllinni hinn 30. apríl 2009 og verður það sýnt í beinni útsendingu á RUV. Einnig verður sýndur þáttur frá riðlakeppninni þar sem Háteigsskóli keppti hinn 28. mars kl. 18.00. Þau Marteinn Pétur Urbancic, Atli Jasonarson, Elín Metta Jensen og Ingunn Haraldsdóttir keppa fyrir hönd Háteigsskóla.

#### Skólaleikar Vals

Haldin var í fyrsta skipti skólakeppni milli Hlíðaskóla, Háteigsskóla og Austurbæjarskóla í Valsheimilinu. Nemendur af miðstigi kepptu þar á milli sín í dodgebolta, körfuboltaskotum, boðhlaupi og reiptogi. Háteigsskóli stóð sig með þryði og vann þessa keppni. Nemendur stóðu sig virkilega vel og voru skólanum til fyrirmyndar. Stefnt er á að gera þessa keppni að árlegum viðburði. Bestu kveðjur, Róbert og Valgerður, íþróttakennarar.

#### Stóra upplestrarkeppnin

Nemendur 7. bekkjar kepptu um það sín á milli hverjir yrðu fulltrúar Háteigsskóla á lokahátíð stóru upplestrarkeppninnar sem verður fimmtudaginn 2. apríl í Ráðhúsi Reykjavíkur. Keppnin fór fram mánudaginn 16. mars og leikar fóru þannig að aðalfulltrúar skólans eru þau Kári Gunnarsson og Steinunn Ólína Hafliðadóttir. Til vara eru þau Halldóra Ana Purušic og Sturla Magnússon. Keppnin var jöfn og var dómnefnd drjúgan tíma að komast að niðurstöðu, því fjölmargir frambærilegir lesarar eru í 7. bekk. Öllum lesurum er óskað til hamingju með góða frammistöðu. Vinningshöfum óskum við góðs gengis á lokahátíðinni.



## Myndasaga

Þessa skemmtilegu myndasögu hér ofan gerðu þær Katla Rúnarsdóttir og Júlía Valborg Ragnarsdóttir í 7. GH.

## Heimsókn á Skólaping Alþingis

Við, nemendur 10. bekkjar í Háteigsskóla, fórum síðastliðinn mánudag á Skólaping. Skólaping er skemmtilega uppbyggður hlutverkaleikur fyrir grunnskólanema í 8. – 10. bekk. Hver nemandi fékk sitt eigið nafnspjald sem hafði að geyma nafn og alls kyns bakgrunnsupplýsingar um ímyndaðan stjórnálmann sem við áttum svo að leika. Okkur var síðan skipt upp í stjórnálmaflokka sem, eins og aðrir stjórnálmaflokkar, höfðu sínar skoðanir og sýn á málin. Lögð voru fram frumvörp sem þurftu svo að ganga í gegnum langar og miklar umræður – vissulega í smækkaðri mynd miðað við Alþingi – en samt sem áður mjög gaman. Skemmtilegt var að sjá nemendur styðja rök sín og skoðanir og flestir lögðu sitt af mörkum. Klárt mál er að þessi ferð var öllum til gagns og gamans og núna höfum við fengið ilmandi smjörþef af því hvernig alþingismenn starfa.

Atli Jasonarson 10. MHS

Við þetta má bæta að skólastjórnendur Háteigsskóla fengu svohljóðandi bréf frá stjórnendum skólapingis:

„Við á Skólapingi Alþingis fengum 10. bekkinga úr Háteigsskóla til okkar síðastliðinn mánudag. Þau voru sér og sínum til sóma og ég sem Háteigsskólavelunnari í rúm 40 ár var reglulega montin af þeim. Þau stóðu sig svo vel og voru kurteis og skemmtileg. Við tókum reglulega myndir af nemendum sem koma til okkar og nú prýðir mynd sem tekin var af nemendum Háteigsskóla forsíðu vefs Alþingis til að vekja athygli á Skólapingi: <http://www.althingi.is/> Fleiri myndir eru svo á heimasíðu Skólapingis: <http://www.skolathing.is/>

Bestu kveðjur, Sigríður Helga Þorsteinsdóttir“

☺ Spakmæli mánaðarins: ☹  
Ef ryðja þarf sérhverri hindrun úr vegi  
áður en maður byrjar,  
verður manni ekkert úr verki.

## Frá foreldrafélagi Háteigsskóla

Ágætu foreldrar og forráðamenn barna í Háteigsskóla. Foreldrafélag Háteigsskóla vill óska eftir stuðningi ykkar. Síðustu ár hafa foreldrar stutt dyggilega við foreldrafélag skólans. Foreldrafélagið heldur m.a. öskudagshátíð, vorhátíð og stendur fyrir námskeiðum. Á afmæli Háteigsskóla færði foreldrafélagið skólanum flaggstöng og fána með merki skólans. Stöngin mun standa um aldur og ævi og bera merki skólans hátt á lofti. Athugið að þetta hefði ekki verið hægt án ykkar stuðnings. Fyrirhugað var að senda út greiðsluseðla en fallið var frá því þar sem kostnaður hefði tekið bróðurpartinn af gjaldinu og ekki áhugi fyrir því að hækka upphæðina. Því höfum við áfram þann háttinn á að leggja beint inn á reikning félagsins; þannig nýtist framlagið best. Hér er um frjáls framlög að ræða og einungis óskað eftir einu framlagi frá hverju heimili.

Félagsgjald fyrir veturinn 2008-2009 er 1.000,- kr. Reikningsnúmerið er 130-26-6610, kt. 661094-2229. Foreldrafélagið þakkar stuðninginn, barnið þitt mun njóta framlagsins!

Nánari upplýsingar gefur gjaldkeri félagsins, Einar Erlingsson: [ainarerl@internet.is](mailto:ainarerl@internet.is).

Nokkrir foreldrar hafa greitt nú þegar og er þakkað kærlega fyrir það.

Með kveðju og fyrirfram þakklæti,

Foreldrafélag Háteigsskóla

## Hvað er að fréttu frá 105?

Það er helst að fréttu að það er vor í lofti og við stefnum á að vera kannski svolítið úti í apríl og maí og útivistarklúbbur verður stofnaður. Áhugasamir endilega komið í 105. Dagskráin fyrir apríl og maí verður send á ykkur innan tíðar til upplýsingar. Það sem hefur verið helst hjá okkur að gerast er m.a. stórt ball sem var haldið með unglíngunum í nágrenninu við okkur, þ.e. frá 101 og .is. Við höfum haldið borðtennismót í tvígang, þar sem páskaegg voru í verðlaun. Það var mikil stemning í kringum þetta og satt að segja má segja að borðtennis hafi verið dálítið áberandi hjá okkur undanfarið. Við höfum haldið stelpu- og stráka kvöld og fengið snyrtikynningu. Við höfum fengið inni í stúdíói fyrir hjómsveit sem er að verða til í okkar skóla. Við teflum á mánudögum kl. 5, fengum WI-tölvu að láni, höfum heimsótt félagsmiðstöðina 101 í Austurbæjarskóla svo eitthvað sé nefnt. Höfum líka haft bara kósý og spjallað í sófunum okkar, horft á vídeó og borðað popp.

Starfsmenn eru nú fjórir, það er Hrefna og Ástríður sem hafa verið frá upphafi, Sif sem er kvikmyndagerðarkona og lífskúntner, og svo bættist nýlega við hann Stebbi sem er vaskur ungur piltur og hvetur hann strákana okkar til dáða. Stebbi ætlar að halda utan um útivistarklúbbinn okkar sem verður betur auglýstur síðar.

Bestu kveðjur frá 105, Hrefna Guðmundsdóttir verkefnastjóri. [hrefna.gudmundsdottir@reykjavik.is](mailto:hrefna.gudmundsdottir@reykjavik.is)

P.S. Endilega fylgist með starfinu okkar á [kampur.is](http://kampur.is).

Þar er hægt að sjá allt um 105.